

Reykjavík, 29. ágúst 2024

UNGT FÓLK OG LÝÐRÆÐI 2024

Ungmennaráð UMFÍ stendur fyrir ungmennaráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði dagana 20. – 22. september á Reykjum í Hrútafirði.

Yfirskrift ráðstefnunnar er: *Ungt fólk og lýðheilsa.*

Eins og nafnið gefur til kynna er ráðstefnan fyrir ungt fólk á aldrinum 15 - 30 ára. Allt ungt fólk á tilsettum aldri er velkomið á ráðstefnuna.

TÆKIFÆRI TIL SKOÐANASKIPTA

Ungt fólk sem hefur komið á ráðstefnuna í gegnum árin segir hana haft afar góð áhrif. Fólk hafi aukið félagslega hæfni sína og lært að vinna með gildi eins og samstöðu, lýðræði og vináttu. Valdefling hafi falist í þátttökunni. Þátttakendur hljóta tækifæri til að mynda sér skoðanir og koma þeim á framfæri við jafningja og ráðafólk. Viðburðurinn gefur þannig þátttakendum tækifæri til að hlusta á ólíkar upplifanir og sjónarmið, brjóta ísinn í samskiptum við aðra og fara út fyrir þægindarammann.

FJÖLBREYTT DAGSKRÁ

Dagskráin verður eins og alltaf með fjölbreyttu sniði. Boðið er upp á hópefli og samveru, áhugaverðan fróðleik og uppörvandi og hvetjandi málstofur. Fólk úr stjórnmálum og atvinnulífi mætir á ráðstefnuna og fá þátttakendur tækifæri til að byggja upp tengslanet til framtíðar. Sjá dagskrá í viðhengi og inn á [umfi.is](#).

Fjöldi þátttakenda er takmarkaður og því borgar sig að bíða ekki of lengi með skráningu. Fullorðinn einstaklingur þarf að fylgja þátttakendum yngri en 18 ára. Þátttökugjald er 15.000 kr. fyrir hvern þátttakanda. Innifalið eru ferðir, uppihald og ráðstefnugögn. Rúta fer frá þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík á föstudeginum og til baka á sunnudeginum sem þátttakendur eru hvattir til þess að nýta sér.

Athygli er vakin á því að viðburðurinn er vímuefnalaus, það sama á við um rafsígarettur og nikótínþúða.

Skráning er hafin og stendur til 11. september. [Smelltu hér til þess að skrá.](#)

Allar upplýsingar um ráðstefnuna má finna á [umfi.is](#).

Fyrir hönd Ungmennaráðs UMFÍ,

Halla Margrét Jónsdóttir, formaður Ungmennaráðs UMFÍ.